# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.**

*Strönd, sorpförgunarsvæði.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 21. ágúst 2013, tillögu að deiliskipulagi fyrir sorpförgunarsvæðið á Strönd. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að byggð verði skemma fyrir flokkun, umhleðslu og móttöku á sorpi, skemma og stjórnunarhús vegna jarðgerðar og stækkun á núverandi starfsmannaaðstöðu.

Við gildistöku þessa nýja skipulags fellur úr gildi deiliskipulag sorpförgunarsvæðis í landi Strandar frá 1993.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hellu, 18. september 2013.*

**Haraldur Birgir Haraldsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 2. október 2013

# STRÖND í Rangárþingi ytra

## Deiliskipulag sorpurðunarsvæðis



Deiliskipulagsuppdráttur mkv. 1:2.000.



Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022.
Mkv. 1:50.000.



Skýringaruppdráttur mkv. 1:1.000.



Afstöðuuppdráttur mkv. 1:8.000.

Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann __________

f.h. Rangárþings ytra

_______________________________

**GREINARGERÐ**

**1. INNGANGUR**

Sorpförgunarsvæðið að Strönd á Rangárvöllum er um 30 ha að stærð og er urðunarstaðurinn á sendnu landi, lítt grónu. Sorpstöðin sér um alla meðhöndlun og förgun úrgangs á starfsvæðinu, sem nær frá Þjórsá að Markarfljóti. Heimilissorp, málmar, hjólbarðar, eitur- og spilliefni eru flutt annað til meðhöndlunar. Á Strönd er aðallega urðaður byggingaúrgangur og annar óvirkur úrgangur. Núverandi húsakostur á Strönd er starfsmanna- og skrifstofuaðstaða. Aðkoma að Strönd er af þjóðvegi 1 og um Kirkjubæjarveg nr. 2704.
Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að byggð verði skemma fyrir flokkunar, umhleðslu og móttöku á sorpi, skemma vegna jarðgerðar og stjórnunarhús vegna jarðgerðar og stækkun á núverandi starfsmannaaðstöðu. Þá verður gerður gámavöllur auk vinnuplana. Áfram er gert ráð fyrir sorpurðun að Strönd.
Gildandi deiliskipulag fyrir Strönd er dagsett í nóvember 1993. Við gildistöku þessa deiliskipulags fellur eldra deiliskipulag úr gildi.
Mat á umhverfisáhrifum stækkunar urðunarstaðins að Strönd lauk árið 2006. Núverandi starfsleyfi er útgefið af Umhverfisstofnun og gildir til ársins 2018.
Sorpstöð Rangárvallasýslu er byggðasamlag sem Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Ásahreppur standa að.

**1.1 Markmið**

Leitað verði leiða til að bæta fyrirkomulag söfnunar og förgunar úrgangsefna og draga úr urðun og förgun sorps.
Endurnotkun og endurnýting sorps verði aukin.
Lögð verði áhersla á jarðgerð lífræns úrgangs.

**1.2 Tengsl við aðrar áætlanir**

- *Landsáætlun* um meðhöndlun úrgangs. Umhverfisstofnun gaf út landsáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir árin 2010-2022. Áætlunin tekur á myndun úrgangs á landvísu og á að vera til leiðbeiningar fyrir sveitarfélög við gerð svæðisbundinna áætlana.
- *Svæðisáætlun* tiltekur með hvaða hætti sveitarfélög hyggjast ná þeim markmiðum sem lýst er í Landsáætlun. Það tilgreinir leiðir til að draga úr myndun úrgangs, leiðir til að endurnýta úrgang, förgunarleiðir o.s.frv. Gerð hefur verið sameiginleg svæðisáætlun fjögurra sorpsamlaga á suður- og vesturlandi fyrir meðhöndlun úrgangs fram til ársins 2020. Áætlunin sýnir núverandi stöðu úrgangsmála á svæðinu, spá um mögulega þróun til ársins 2020 og áætlun um þær aðgerðir sem ráðast verður í til að búa hlutaðeigandi sveitarfélög undir auknar kröfur um meðhöndlun úrgangs.
Þann 1. desember 2011 var tekið í notkun svonefnt „tveggja tunnu"kerfi í Rangárvallasýslu með það að markmiði að draga úr þörf fyrir urðun sorps í samræmi við gildandi kröfur.
- *Aðalskipulag* Rangárþings ytra 2010  2022 gerir ráð fyrir sorpförgun að Strönd og urðunarsvæðið er afmarkað á aðalskipulagsuppdrætti.
- *Deiliskipulag* fyrir svæði var unnið 1993 af Skipulagsstofunni Heiði. Þar var afmarkað svæði fyrir urðun og því áfangaskipt. Einnig kom fram að gert væri ráð fyrir mönum og trjáplöntun.
- *Frummatsskýrsla* var lögð fram í desember 2006 og veitti Skipulagstofnun álit sitt á henni, dags. 18. janúar 2007. Þar var gert ráð fyrir mun umfangsmeiri starfsemi en nú er áætlað. Fram kemur í áliti Skipulagsstofnunar að brýnt sé að tryggja að ekki berist mengun í jarðveg eða grunnvatn frá stöðinni. Því þurfi að tryggja vökvahelt undirlag þar sem fram fari tímabundin geymsla spilliefna.

**1.3 Skipulagsgögn**

Greinargerðog umhverfisskýrsla.
Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2.000 sem sýnir fyrirkomulag á svæðinu.
Skýringaruppdráttur í mkv. 1:1.000 sem sýnir nánari útfærslu bygginga og hugsanlega staðsetningu gámasvæðis.
Yfirlitsuppdráttur í mkv. 1:7.500 sem sýnir afstöðu svæðisins til nágrennisins ásamt aðkomu að því.
Yfirlitsuppdráttur í mkv. 1:50.000 sem er hluti af Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022.

**1.4 Kortagrunnar**

Loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf. Grunngögn eru IS50v frá Landmælingum Íslands. Landamerki sorpförgunarsvæðisins eru skv. kaupsamningi sem dagsettur er 2. júní 2006.
Hnit eru í ISN93.

**1.5 Samráð og kynning**

Tillaga að deiliskipulagi og umhverfisskýrslu verður kynnt umsagnaraðilum og almenningi og auglýst með lögformlegum hætti. Samráð er við landeiganda, sem er Rangárþing ytra.

**2. FORSENDUR**

**2.1 Staðhættir**

Strönd á Rangárvöllum er ofan Suðurlandsvegar, miðja vegu milli Hellu og Hvolsvallar. Jörðin hefur verið í eigu sveitarfélagsins um langa hríð og Rangárþing ytra seldi Sorpstöð Rangárvallasýslu 30 ha spildu til sorpurðunar. Svæðið liggur í norðuaustur horni jarðarinnar. Liggja mörk svæðisins að Varmadal í vestri og Kirkjubæ í norðri. Svæðið á Strönd hentar á flestan hátt vel til sorpförgunar. Svæðið er miðsvæðis á samlagssvæðinu og í nokkurri fjarlægð frá íbúðarbyggð þannig að umferð, lyktar- og sjónmengun hefur ekki áhrif á íbúðabyggð. Jarðvegsaðstæður eru góðar þar sem jarðvegur er djúpur og sendinn.
Umhverfis urðunarsvæðið er lítt gróið land, en þó hefur verið unnið að uppgræðslu í kring um það og einnig innan þess. Jarðvegsmanir eru umhverfis svæðið og hindra innsýn. Svæðið er afgirt með læstu hliði. Jarðvegur er aðallega sandur u.þ.b. 11-12 metrar að þykkt. Skógræktarsvæði er norðvestan við urðunarsvæðið en golfvöllur suðaustan við, í um 1 km metra fjarlægð. Landslag er flatt og þar af leiðandi lítil skjólmyndun, enda getur orðið mjög hvasst þar. Svæðið við stöðina er sendið og í vætutíð sígur vatn fljótt í jörðu. Þurr vatnsfarvegur liggur í gegn um urðunarsvæðið og um hann getur runnið vatn í stórrigningum og leysingum, einkum ef frost er í jörðu.
Í skýrslu ISOR frá árinu 2005; Vatnafar við sorpstöðina að Strönd í Rangárþingi ytra, kemur fram að starfssvæði sorpstöðvarinnar sé líklegast allt á vatnasviði Strandarskíkis, sem fellur í Eystri-Rangá. Engin vatnsból eru á vatnasvæði Strandarsíkis.
Í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði sunnan og austan við sorpförgunarsvæðið. Á iðnaðarsvæðinu er gert ráð fyrir orkufrekum iðnaði sem hefur litla mengun í för með sér en ekki hefur verið unnið deiliskipulag fyrir svæðið.

**2.2. Urðun á Strönd**

Á Strönd er urðaður grófur úrgangur, sem fellur til í sveitarfélaginu, auk sláturúrgangs. Þar fer einnig fram umhleðsla á heimilissorpi og móttaka flokkaðs úrgangs og timburs, auk garðaúrgangs. Íbúar flokka sorp í tvær tunnur, venjulegt heimilissorp fer í aðra tunnuna en pappír, pappi og fernur í hina.
Samkvæmt núverandi starfsleyfi Umhverfisstofnunar frá 13.12.2007 er heimilt að taka á móti allt að 5.200 tonnum af úrgangi á ári.
Í áliti Skipulagsstofnunar vegna matsáætlunar er gerð krafa um vökvahelt undirlag þar sem tímabundin geymsla spilliefna fer fram.
Samkvæmt hagkvæmniskýrslu sem unnin var af Gámaþjónustunni Hf í maí 2012, móttekur gámasvæðið á Strönd um 1.600 tonn á ári af sorpi en af því er 666 tonn blandaður úrgangur sem fluttur er annað.

**2.3 Nýtt deiliskipulag**

Í nýju deiliskipulagi er gert ráð fyrir yfirbyggðri aðstöðu á svæðinu til flokkunar og umhleðslu og bætir því aðstöðuna til muna. Einnig verður gert ráð fyrir aðstöðu til jarðgerðar í gámum. Þá er gert ráð fyrir plönum og almennt mun betri aðstöðu á svæðinu en nú er. Samhliða því að starfsaðstaða batnar má ætla að starfsemin styrkist.

**2.4 Fornminjar**

Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins.

**3. UMHVERFISSKÝRSLA**

Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og skipulagslög nr. 123/2010 gera ráð fyrir að lagt skuli mat á umhverfisáhrif einstakra markmiða og ráðgerðra framkvæmda í skipulagsáætlunum. Samkvæmt skipulagslögum ber að gera grein fyrir umhverfisáhrifum og stefnumiðum m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma. Í vinnu við mat á umhverfisáhrifum skal í fyrstu ákveða umfang og áherslur matsins. Horft er á hvaða stefnumið er vert að meta m.t.t. umhverfisáhrifa, en þá eru þau atriði tekin sem talin eru hafa mest áhrif á umhverfið. Höfð er hliðsjón af leiðbeiningaskjali Skipulagsstofnunar við val á umhverfisþáttum og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar á umhverfismati forathugunarinnar (Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana heildardrög 2). Þau stefnumið sem sett eru fram í deiliskipulagi fyrir Strönd eru metin og skoðað hvort stefnumiðin hafi í för með sér umtalsverðar breytingar frá núverandi ástandi, þ.e. núll kosti.

**3.1 Umhverfisþættir**

Umhverfisþáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem talinn er geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem mótuð er í deiliskipulaginu. Í umhverfisskýrslu er lagt mat á þau umhverfisáhrif sem talið er að geti orsakast af fyrirhugaðri uppbyggingu, skv. lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Það er gert til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Engar minjar eða verndarsvæði eru á skipulagssvæðinu eða í næsta nágrenni þess og því er ekki þörf á aðmeta áhrif stefnunar á náttúru- eða menningarminjar en teknir eru til mats þeir þættir sem hugsanlega geta orðið fyrir umhverfisáhrifum og var ákveðið að meta eftirfarandi umhverfisþætti:
- *Samfélag og byggð.* Horft er til hvaða áhrif deiliskipulagið hefur á efnahag og atvinnulíf svæðisins sem heildar.
- *Náttúrufarslegir þættir*. Hvaða áhrif hefur stefnan á landslag og jarðmyndanir, gróðurfar, dýra- og vatnalíf. Þá er horft til hvaða áhrif stefnan muni hafa til langs tíma á umhverfisþætti s.s. kolefnisbúskap.
- *Heilsa og öryggi.* Horft til mengunar í lofti eða vatni og annað það sem áhrif getur haft á heilsufar íbúa.
Gerð er grein fyrir umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af stefnu skipulagsins og þeim mótvægisaðgerðum sem fyrirhugaðar eru. Skoðað er hvort sú stefna sem sett er fram hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á þessa umhverfisþætti samanborið við núverandi ástand, þ.e. núll kost. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar framkvæmt er mat á vægi áhrifa.

**3.2 Umhverfisviðmið**

Með hugtakinu umhverfisviðmið er átt við þá mælikvarða sem umhverfisáhrif af stefnu skipulags kunna að hafa. Þau stefnumið eru borin saman, m.a. til að geta tekið afstöðu til þess hvort viðkomandi stefnumið sé talið hafa æskileg eða óæskileg áhrif og hvot þau séu veruleg eða óveruleg. Eftir skoðun mismunandi viðmiða að umhverfismatinu m.t.t. umhverfisþátta og umhverfisverndarmarkmiða, varð niðurstaðan sú að meta umhverfisáhrif gagnvart stefnu stjórnvalda á landsvísu um sjálfbæra þróun eins og hún hefur verið sett fram í stefnu ríkisstjórnarinnar „Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi."Stefnumörkun um sjálfbæra þróun var samþykkt í ríkisstjórn árið 2002.
Í ritinu Velferð til framtíðar (áherslur 2006-2009) kemur fram endurskoðuð stefnumörkun stjórnvalda og þar er markmiðum og leiðum að þeim lýst varðandi:
- Heilbrigt og öruggt umhverfi.
- Vernd náttúru Íslands.
- Sjálfbæra nýtingu auðlinda.
- Hnattræn viðfangsefni.
Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar eru notaðar við flokkun, vægi og við mið einstakra þátta umhverfisins. Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á tveimur meginþáttum sem eru:
- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti skv. fyrirliggjandi gögnum.
Við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna er stuðst við almenn viðmið í lögum og reglugerðum.
Stækkun urðunarsvæðisins á Strönd hefur farið í mat á umhverfisáhrifum og vann Hönnun matsskýrslu sem lokið var við 2006. Skipulagsstofnun veitti álit sitt á matsskýrslunni, dagsett 18. janúar 2007. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var að sýnt hafi verið fram á nauðsyn stækkunar og breytingar á móttöku-, flokkunar- og urðunarsvæði á Strönd. Skipulagsstofnun telur að þar sem athafnasvæðið er alllangt frá bæjum, frístundabyggð og þjóðvegi verði sjónræn áhrif starfseminnar staðbundin og óveruleg og einkum bundin við rekstrartíma svæðisins. Jafnframt telur stofnunin að með skipulögðum vinnubrögðum við móttöku og urðun, líkt og greint er frá í matsskýrslu, sé ólíklegt að nágrannar og vegfarendur verði fyrir ónæði vegna foks frá urðunarsvæðinu.

**3.3 Samanburður valkosta**

Á Strönd er gert ráð fyrir að byggð verði skemma fyrir flokkun, móttöku og umhleðslu á sorpi. Byggð verður upp aðstaða til jarðgerðar. Núverandi starfsmannaaðstaða verður bætt og gámavöllur gerður. Sorp verður áfram urðað á Strönd.
Þeir valkostir sem verða teknir til mats eru eftirtaldir:
- Óbreytt stefna (0 kostur).
- Gera ráð fyrir flokkunar- og móttökustöð ásamt gámavelli og urðunarsvæði.
Þessir valkostir eru bornir saman í eftirfarandi töflu:

| VALKOSTIR | Flokkunar- og móttökustöð ásamt gámavelli og urðunarsvæði | | |
|---|---|---|---|
| | Samfélag og byggð | Náttúrufarslegir | Heilsa og öryggi |
| Núll kostur- óbreytt staða | Aðstaða er ekki góð. Urðun endurvinnanlegs sorps skapar ekki verðmæti. Kostnaðarsamt er að flytja sorp. | Sjónræn áhrif eru lítil þar sem manir eru umhverfis svæðið. Svæðið er nú þegar notað fyrir sorpurðun. Unnið hefur verið að uppgræðslu á og umhverfis svæðið. | Þykkur sendinn jarðvegur á svæðinu virkar sem náttúruleg sía fyrir sigvatn. |
| | | | Áhrif á vatnsból og óveruleg áhrif á brynning-arstaði eru óveruleg. |
| | | Áhrif á grunnvatn eru óveruleg. Engin áhrif á dýralíf. | Einhver lyktarmengun er næst urðunarstaðnum. Engin botnþétting né drenlögn fyrir sigvatn í urðunarreitum. |
| Flokkunar- og móttöku-stöð, gáma-völlur, urð-unarsvæði | Meiri flokkun og endurvinnsla skapar fleiri störf. Flokkun dregur úr urðun sorps. Með endurvinnslu eru búin til verðmæti úr sorpinu. | Sjónræn áhrif eru í lágmarki þar sem manir eru umhverfis svæðið. Svæðið er nú þegar notað fyrir sorpurðun. Aukin flokkun og endurvinnsla hefur jákvæð áhrif á náttúruna og umhverfið. | Þykkur sendinn jarðvegur á svæðinu virkar sem náttúruleg sía fyrir sigvatn. Botnþétting og dren bætist við í urðunarreinum. |
| | | | Áhrif á vatnsból og óveruleg áhrif á brynning-arstaði eru óveruleg. |
| | | Starfsemin er ekki talin hafa áhrif á dýralíf. Áhrif á grunnvatn eru óveruleg. | Einhver lyktarmengun er næst urðunarstaðnum. |

**3.4 Mótvægisaðgerðir og vöktun**

Til að draga úr sjónrænum áhrifum og hætta af foki frá svæðinu eru gerðar manir umhverfis það og gert er ráð fyrir að planta trjám í þær. Ef þörf krefur verða færanlegar fokgirðingar notaðar umhverfis hvert svæði meðan urðun þar fer fram. Í starfsleyfi fyrir Strönd er kveðið á um mælingar og eftirlit á urðunarstaðnum. Eftirlit og mælingar á mengunarefnum, eftir að starfsemi urðunarstaðarins lýkur, skal fara samkvæmt 23. og 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar.

**3.5 Niðurstaða**

Kröfur varðandi meðhöndlun, endurvinnslu og urðun sorps eru stöðugt að aukast, m.a. til að koma í veg fyrir mengun í nágrenni sorpförgunarsvæða. Með flokkun heimilissorps og aukinni endurvinnslu er dregið úr þörf fyrir urðun, auk þess sem búin til verða verðmæti úr sorpinu. Með jarðgerð á lífrænum úrgangi fæst jarðvegur sem getur t.d. nýst til uppgræðslu á svæðinu eða sem áburður. Meiri umsvif á urðunarstaðnum að Strönd skapa fleiri störf sem kemur öllu starfssvæðinu til góða. Nýjar byggingar á svæðinu og aukið umfang starfseminnar verður að einhverju leyti falið með jarðvegsmönum og trjágróðri þannig að sjónræn áhrif verði sem minnst og einnig til að minnka fokhættu út fyrir svæðið. Svæðið er nú þegar nýtt sem urðunarsvæði og alltaf er einhver lyktarmengun næst því en ekki er gert ráð fyrir að lyktarmengun aukist við fyrirhugaðar framkvæmdir. Lykt er almennt ekki talin berast lengra en um 1 km frá upphafsstað og þynnist mjög hratt út með aukinni fjarlægð. Vindstyrkur getur þó haft áhrif á það hversu langt lykt berst. Um 900 m eru frá urðunarstaðnum að næstu íbúðabyggð og um 1 km er að golfvellinum að Strönd. Því er talið ólíklegt að nágrannar verði fyrir ónæði af starfseminni eða foki frá urðunarsvæðinu, umfram það sem nú er.

**4. DEILISKIPULAG**

Deiliskipulagssvæðið er um 30 ha að stærð, afgirt og hlið læst nema á opnunartíma. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að byggð verði skemma fyrir móttöku, flokkun og umhleðslu á sorpi, skemma og lítið stjórnunarhús vegna jarðgerðar og að núverandi starfsmannaaðstaða verður stækkuð og bætt. Þá verður gerður gámavöllur auk þess sem plön verða gerð. Áfram er gert ráð fyrir sorpurðun að Strönd.
Gildandi deiliskipulag fyrir Strönd var unnið af Skipulagsstofunni Heiði og er dagsett 9. nóv. 1993. Við gildistöku þessa deiliskipulags fellur eldra deiliskipulag úr gildi.
Urðunarstaðurinn verður hannaður í samræmi við viðeigandi reglugerðir, s.s. reglugerðir nr. 738/2003 um urðun úrgangs og nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

**4.1 Byggingar**

I1- á bygginareit er gert ráð fyrir að byggja flokkunar- og móttökuhús, sem getur verið allt að 1500 $m^2$ að stærð. Húsið er ætlað til móttöku sorps, flokkunar og umhleðslu á úrgangi. Mesta hæð á mæni getur verið allt að 12 m m.v. hæð lands. Gert er ráð fyrir gámaplani vestan við flokkunarstöðina. Þar verði gámar fyrir grófari úrgang sem ekki er hætta á að fjúki, s.s. timbur, járn, gler og byggingarúrgang, eða svokallaðan óvirkan úrgang. Á gámavelli og umhverfis skemmuna er gert ráð fyrir rúmgóðum malbikuðum/steyptum plönum með drenlögnum.
I2 - á byggingarreit er gert ráð fyrir allt að 500$m^2$ skemmu og allt að 15$m^2$ húsi fyrir stjórnstöð jarðgerðargáma. Mænishæð skemmu getur verið allt að 12m. Plön verða malbikuð/steypt og gert ráð fyrir drenlögnum af plönum og frá skemmu. Í eða við jarðgerðastöðina verður steypt plan fyrir blöndun úrgangs og stoðefnis og þrær fyrir stoðefni. Í tengslum við jarðgerðargáma verður byggð lítil stjórnstöð sem stýra mun loftflæði sem m.a. mun draga úr lyktarmengun af svæðinu.
I3 - á byggingareit er núverandi skrifstofa/afgreiðsla er norðan við bílvogina. Gert er ráð fyrir að húsið stækkað í allt að 200 $m^2$ og jafnvel fært til. Hámarkshæð er allt að 8 m. Bílvog er komið fyrir í steyptu plani og verður áfram á sama stað.

**4.2 Geymslusvæði**

Gert er ráð fyrir steyptu plani þar sem sorp, þ.á.m. spilliefni, verði geymd þar til þau verði flutt til varnanlegrar eyðingar. Núverandi pland er um 80 $m^2$ en gert er ráð fyrir að það geti stækkað í allt að 250 $m^2$ svæði.

**4.3 Urðunarsvæði**

Grafa þarf reinar fyrir urðun nokkurn vegin jafnóðum þar sem sandurinn er laus í sér og hrynur úr hliðum ef gryfjur standa opnar í einhverja daga. Gert verður dren sunnan og austan urðunarreinar. Þar sem þörf er á s.s. vegna urðunar úrgangs sem ekki er heimilt að jarðgera verður sigvatn leitt safnþró.

**4.4 Aðkoma / plön**

Aðkoma að Strönd er fráþjóðvegi 1, um Kirkjubæjarveg nr. 2704 og aðkomuveg að Strönd. Bílastæði og plön eru sýnd á uppdrætti. Þar sem hætta er á að spilliefni geti borist af vinnuplönum og skemmum verða drenlagnir lagðar í safnþró fyrir sigvatn svo ekki sé hætta á að spilliefni berist út í jarðveg.

**4.5 Veitur**

Strönd er tengd rafveitu frá RARIK og vatnsveitu Ásahrepps og Rangárþings ytra. Frárennsli er leitt í núverandi hreinsivirki.

**4.6 Lóðafrágangur**

Lögð er áhersla á vandaðan og snyrtilegan frágang svæðisins. Athafnasvæði og plön verða malbikuð/steypt til að þola þá umferð tækja og vinnuvéla sem búast má við. Einnig auðveldar það að halda svæðinu snyrtilegu. Svæðið er afgirt og umhverfis það að vestanverðu eru um 3 metra háar jarðvegsmanir. Trjágróður verður settur umhverfis svæðið til að draga enn frekar úr sjónrænum áhrifum.
Eftir að starfsemi urðunarstaðarins lýkur skal ganga þannig frá svæðinu að það falli sem best að landslagi.


STEINSHOLT

| | | |
|---|---|---|
| STRÖND | | |
| Deiliskipulag | | |
| Suðurlandsvegi 1-3<br>850 Hella. S. 487 7800<br>www.steinsholtsf.is | Verk: 8614 DA138 | Dags: 07.12.2012 |
| | Mkv: 1:2.000 / 1:1.000<br>Blaðstærð: A1 | Breytt: |
| Hannað: GG, GuG, IS<br>Teiknað: IS | Samþykkt: | |